

RAFORKUMÁLASTJÓRI

MÁLASAFN

643

I hillu  
5

Viðbót við athugun á tengingu

Sauðárkróks og Skeiðsfoss við Akureyri

eftir

Gísla Jónsson

Reykjavík, maí 1956

Viðbót við athugun á tengingu Sauðárkróks  
og Skeiðsfoss við Akureyri.

Til viðbótar þeim tveimur línuleiðum, sem a thugaðar hafa verið, verða eftirfarandi leiðir athugaðar:

Leið 3. 60 kV lína frá Akureyri til Sauðárkróks yfir Öxnadalsheiði og svo 30 kV lína frá Akureyri til Skeiðsfoss um Dalvík.

Leið 4. 60 kV lína frá Akureyri til Sauðárkróks yfir Hjaltadalsheiði og svo 30 kV lína frá Sauðárkróki til Skeiðsfoss.

Leið 5. 60 kV lína frá Akureyri til Sauðárkróks yfir Hjaltadalsheiði og svo 30 kV lína frá Akureyri til Skeiðsfoss um Dalvík.

Gert verður ráð fyrir að Hrísey, Hjalteyri, Svarfaðardalshreppur, Árskógsþreppur og nyrðri hlutinn af Arnarneshreppi fái rafmagn frá 30 kV spennistöð á Dalvík.

Aflbörf árið 1970:

Sem fyrr getur er aflbörf Dalvíkur 0,9 MW.

Árið 1954 voru íbúar Hríseyjar 304 manns. Gert verður ráð fyrir svo til því sama árið 1970 eða 300 manns. Almenn notkun er áætluð 2000 kWh/mann og húshitun 3000 kWh/mann. Heildarnotkunin verður því  $300 \cdot 5000 = 1,5$  GWh. Nýtingartími (T) heildarnotkunar er áætlaður 4500 stundir. Aflbörfin verður því 0,33 MW.

Árið 1954 voru íbúar Hjalteyrar 105 manns. Gert verður ráð fyrir 100 manns árið 1970. Vegna síldarverksmiðjunnar og hins litla íbúafjölda þykir ekki ráðlegt að áætla almenna notkun minni en 3000 kWh/mann. Húshitun áætlast 3000 kWh/mann og þá heildarnotkun  $100 \times 6000 = 0,6$  GWh.

Aflþörfin verður ca. 0,14 MW. ( $T = 4500$ ).

Árið 1970 munu rafvædd býli vera 60 í Svarfaðardalshrepp, 32 í Arskóghrepp og 11 í þeim hluta Arnarneshrepp, sem fær rafmagn frá Dalvík.

Eins og gert er í raforkuneyzlusþá fyrir austanvert Norðurland fram til 1970 eftir G.J., verður gert ráð fyrir heildarorkupörf býlanna 18.900 kWh/býli eða 4,2 kW/býli ( $T = 4500$ ). Aflþörf sveitanna verður því þessi: Svarfaðardalshreppur, 0,25 MW, Arskóghreppur 0,13 MW og norðurhluti Arnarneshrepps 0,05 MW.

Yfirlit yfir aflþörfina:

Dalvík	0,90 MW
Hrísey	0,33 "
Svarfaðardalshr.	0,25 "
Arskóghr.	0,13 "
N-Arnarneshr.	0,05 "
Hjalteyri	<u>0,14 "</u>
Samtals,	1,80 MW.

Aflþörfin fyrir Dalvík, Hrísey og Svarfaðardalshrepp er 1,48 MW eða 82% af aflþörf alls svæðisins. Auk þess kemur varla til greina að hafa 30 KV spenni þæði á Dalvík og Hjalteyri.

Betta tvennt þykir réttlæta það að taka þá orku, sem ofangreint svæði þarfnað út af 30 KV línumni á Dalvík.

Syri hluti Arnarneshrepps og það svæði, sem er þar fyrir sunnan, mun fá orku sína frá Akureyri.

Reiknað verður með raunstuðlinum 0,9 og 15% dreifitöpum. Á Dalvík verður þá tekið út af línumni 2,1 + j 1,0 MVA.

Við útreikninga á leið 1. hefði verið rétt að reikna með þessu á lagi í Dalvík, en ekki  $0,9 + j 0,436$  MVA eins og gert var. Fer á eftir útreikningur á spennufallinu á leið 1, með álaginu  $2,1 + j 1,0$  MVA á Dalvík.

Eins og fyrr getur verður álagið í Skeiðsfoss 1,9 + j 0,08 MVA og á Sauðárkróki 4,3 + j 1,69 MVA.

30 KV línan milli Akureyrar og Hjalteyrar hefur þegar verið byggð, en er rekin sem 10-kV lína eins og er. Gildileiki hennar er  $70 \text{ mm}^2$  og lengd 21,3 km. Frá Hjalteyri til Skeiðsfoss verður gert ráð fyrir  $50 \text{ mm}^2$  línu. Lengd línumnar milli Hjalt eyrar og Dalvíkur er 21,5 km, og á milli Dalvíkur og Skeiðsfoss 29 km.

Gert er ráð fyrir að 60 KV línan frá Akureyri til Sauðárkróks yfir Hjaltadalsheiði verði  $50 \text{ mm}^2$ . Lengd hennar er 95 km, þar af er 11 km fjallaleið. Gildileiki línumna Akureyri - Sauðárkrókur um Öxnadalsheiði og Sauðárkrókur - Skeiðsfoss er sá sami og á leið 2.

#### Spennufallsreikningar.

Spennufallið ákveðst af:

$$\Delta U = \frac{P_2}{U_2} ( R + X + tg ).$$

R + j X er heildarviðnám línumnar.

Þar eð orkuneyzlusþá sú, er útreikningar þessir byggjast á er mjög óviss, þykir ekki ástæða til að taka tillit til tapa í línumni við spennufallsreikningana.

#### Leið 1.

Sjá mynd á bls. 2 og jöfnu á bls. 3. Í stað  $0,9 + j 0,436$  MVA í Dalvík kemur  $2,1 + j 1,0$  MVA. Til Dalvíkur þarf þá að flytja  $8,3 + j 2,77$  MVA;  $\cos \varphi = 0,964$ ;  $\operatorname{tg} \varphi = 0,334$ .

$$\Delta U_{A-D} = \frac{8,3 + 43}{U_D} ( 0,35 + 0,40 + 0,334 ) = \frac{172}{U_D} \text{ kV.}$$

$$U_A = 66,0 \text{ kV}, \quad U_D = 63,3 \text{ kV}, \quad \Delta U_{A-D} = 2,72 \text{ eða } 4,1\%$$

$$\underline{\underline{U_{\text{Dalvík}} = 63,3 \text{ kV.}}}$$

$$\Delta U_{D-Skr} = \frac{4,3}{U_{Skr}} \cdot 68 \quad (0,35 + 0,40 \cdot 0,394) = \frac{148}{U_{Skr}}$$

$U_D = 63,3 \text{ kV}$ ;  $U_{Skr} = 60,9 \text{ kV}$ ;  $\Delta U_{D-Skr} = 2,43 \text{ kV}$  eða  $3,8\%$ .

Sauðárkrókur


$$\Delta U_{D-Skf} = \frac{1,9}{U_{Skf}} \cdot 29 \cdot 0,50 = \frac{27,6}{U_{Skf}}$$

$U_D = \frac{33}{66} 63,3 = 31,7 \text{ kV}$ .  $U_{Skf} = 30,8 \text{ kV}$ ;  $\Delta U_{D-Skf} = 0,90 \text{ kV}$  eða  $2,8\%$ .

Skeiðsfoss

Spennufallið frá Akureyri til Sauðárkróks er  $5,1 \text{ kV}$  eða  $7,7\%$ . Spennufallið frá Akureyri til Skeiðsfoss, yfirfært á  $30 \text{ kV}$  hliðina er  $2,2 \text{ kV}$  eða  $6,7\%$ .

### Leið 3.



Riðstraumsviðnám línanna:

$$\begin{aligned} \text{Dalvík - Akureyri: } & 21,5 (0,25 + j 0,40) + 21,5 (0,35 + j 0,40) \\ & = 12,9 + j 17,2 \text{ ohm.} \end{aligned}$$

$$\text{Skeiðsfoss - Dalvík: } 29 (0,35 + j 0,40) = 10,1 + j 11,6 \text{ ohm.}$$

$$\text{Sauðárkr. - Akureyri: } 114 (0,35 + j 0,40) + 40 + j 45,6 \text{ ohm.}$$

$$\text{Spennan á 30 kV linunni á Akureyri er } 66 \cdot \frac{33}{66} = 33 \text{ kV.}$$

Aflagið á Dalvík er  $4,0 + j 1,08 \text{ MVA}$ ,  $\cos \varphi = 0,965$ ,  $\operatorname{tg} \varphi = 0,270$ .

$$\Delta U_{A-D} = \frac{4,0}{U_D} (12,9 + 17,2 \cdot 0,27) = \frac{70}{U_D} \text{ kV.}$$

$U_A = 33,0 \text{ kV}; U_D = 30,7 \text{ kV}; \Delta U_{A-D} = 2,28 \text{ kV eða } 6,9\%.$

$U_{Dalvík} = 30,7 \text{ kV.}$

Álagið í Skeiðsfoss er  $1,9 + j 0,08 \text{ MVA}$ ;  $\cos \varphi = 1,0$ ;  $\operatorname{tg} \varphi = 0$ .

$$\Delta U_{D-Skf} = \frac{1,0}{U_{Skf}} (10,1 + 11,6 \cdot 0) = \frac{19,2}{U_{Skf}} \text{ kV.}$$

$U_D = 30,7 \text{ kV}; U_{Skf} = 30,1 \text{ kV}; \Delta U_{D-Skf} = 0,64 \text{ kV eða } 2,1\%$

$U_{Skeiðsfoss} = 30,1 \text{ kV.}$

Heildarspennufall frá Akureyri til Skeiðsfoss er 2,92 kV eða 8,9% af spennunni á Akureyri.


Álagið á Sauðárkróki er  $4,3 + j 1,69 \text{ MVA}$ ,  $\cos \varphi = 0,930$   $\operatorname{tg} \varphi = 0,393$ . Spennan á Akureyri er 66 kV.

$$\Delta U_{A-Skr} = \frac{4,3}{U_{Skr}} (40 + 45,6 \cdot 0,393) = \frac{249}{U_{Skr}} \text{ kV.}$$

$U_A = 66,0 \text{ kV}; U_{Skr} = 62,0 \text{ kV}; \Delta U_{A-Skr} = 4,0 \text{ kV eða } 6,1\%.$

$U_{Sauðárkrókur} = 62,0 \text{ kV.}$

#### Leið 4.



Riðstraumsviðnám línanna:

$$\text{Akureyri - Sauðárkrókur: } 95 (0,35 + j 0,40) = 33,3 + j 38 \text{ ohm.}$$

$$\text{Sauðárkrókur - Skeiðsfoss: } 75 (0,50 + j 0,40) = 37,5 + j 30 \text{ ohm.}$$

Alagið á Sauðárkrók er  $6,2 + j 1,77$  MVA;  $\cos \varphi = 0,962$

$$\operatorname{tg} \varphi = 0,286.$$

$$\Delta U_{A-\text{Skr}} = \frac{6,2}{U_{\text{Skr}}} (33,3 + 38 \cdot 0,286) = \frac{275}{U_{\text{Skr}}} = \text{kV.}$$

$$U_A = 66,0 \text{ kV}; U_{\text{Skr}} = 61,5 \text{ kV}; \Delta U_{A-\text{Skr}} = 4,47 \text{ kV eða } 6,8\%.$$

$$\underline{U_{\text{Sauðárkrókur}} = 61,5 \text{ kV.}}$$

Alagið í Skeiðsfoss er  $1,9 + j 0,08$  MVA;  $\cos \varphi = 1,0$ ;  $\operatorname{tg} \varphi = 0$ .

$$\text{Spennan á Sauðárkróki, á } 30 \text{ kV hliðinni er } 67,5 \cdot \frac{33}{66} = 30,7 \text{ kV.}$$

$$\Delta U_{\text{Skr}-\text{Skf}} = \frac{1,9}{U_{\text{Skf}}} 37,5 = \frac{71,3}{U_{\text{Skf}}} \text{ kV.}$$


$$U_{\text{Skr}} = 30,7 \text{ kV}; U_{\text{Skf}} = 28,2 \text{ kV}; \Delta U_{\text{Skr}-\text{Skf}} = 2,53 \text{ kV eða } 8,2\%$$

$$\underline{U_{\text{Skeiðsfoss}} = 28,2 \text{ kV.}}$$

Spennan í Skeiðsfoss, yfirfærð á 60 kV hliðina er 56,4 kV.

Heildarspennufallið frá Akureyri til Skeiðsfoss, reiknað á 60 kV hliðinni verður því 9,6 kV eða 14,5%.

### Leið 5.



Spennufallið á Dalvík og í Skeiðsfoss er það sama og fíkkst með leið 3, þ.e.:

$$U_{\text{Dalvík}} = 30,7 \text{ kV.}$$

$$U_{\text{Skeiðsfoss}} = 30,1 \text{ kV.}$$

Heildarspennufall frá Akureyri til Skeiðsfoss er 2,92 kV eða 8,9% af spennunni á Akureyri.

Alagið á Sauðárkróki er  $4,3 + j 1,69$  MVA;  $\cos \varphi = 0,930$ ;  $\operatorname{tg} \varphi = 0,393$ . Riðstraumsviðnám líнanna Akureyri-Sauðárkrókur er  $33,3 + j 38$  ohm.

$$\Delta U_{A-\text{Skr}} = \frac{4,3}{U_{\text{Skr}}} (33,3 + 38 \cdot 393) = \frac{207}{U_{\text{Skr}}} \text{ kV.}$$

$$U_A = 66,0 \text{ kV}; U_{\text{Skr}} = 62,7 \text{ kV}; \Delta U_{A-\text{Skr}} = 3,30 \text{ kV eða } 5,0\%.$$

$$U_{\text{Sauðárkrókur}} = 62,7 \text{ kV.}$$

#### Lausleg kostnaðaráætlun.

Verðið á 60 kV,  $50 \text{ mm}^2$  línumni Akureyri-Sauðárkrókur yfir Hjaltadalsheiði reiknast 140 þús. kr/km. Fyrir þann 11 km kafla, sem liggur yfir háheiðina, verður reiknað með 200 þús. kr/km.

Verðið á 30 kV,  $50 \text{ mm}^2$  línumni Akureyri-Dalvík er áætlað 85 þús. kr/km. Kostnaður 30 kV,  $50 \text{ mm}^2$  línumnar Dalvík-Skeiðsfoss er áætlaður 95 þús. kr/km, þó er sá hluti, sem liggur yfir Grímubrekkur reiknaður á 140 þús. kr/km.

Gert er ráð fyrir að þegar skipt vekður um einangrara í línumni Akureyri-Hjalteyri, verði settur stálaluninumvír í stað þess eirvírs, sem nú er. Áætlað er að verðmunurinn á vírnum dekki breytingarkostnaðinn.

Verð á öðrum línum er það sama og gert var ráð fyrir við athugun á leið 1 og 2.

Línuleiðirnar eru teiknaðar á blað Fnr. 3363. Hér á eftir fer yfirlit yfir spennu, gildleika, spennufall og verð línanna.

**Yfirlit yfir verð, gildleika og spennu**

Leið	Lína	Spenna kV	Gildl. mm <sup>2</sup>	Lengd km	Verð/km þús.kr.	Verð millj.kr.	Heildarverð millj.kr.
1.	Akureyri-Dalvík	60	50	43	140	6,0	
	Dalvík-Sauðárkr.	60	50	7	200	9,9	18,8
				61	140		
2.	Akureyri-Sauðárkr.	60	50	114	140	16,0	21,6
	Sauðárkr.-Sk.foss	30	35	75	75	5,62	
3.	Akureyri-Sauðárkr.	60	50	114	140	16,0	
	Akureyri-Dalvík	30	70	21,5	0	1,83	21,1
			50	21,5	85		
4.	Akureyri-Sauðárkr.	60	50	11	200	14,0	19,6
				84	140		
5.	Sauðárkr.-Sk.foss	30	35	75	75	5,62	
5.	Akureyri-Sauðárkr.	60	50	11	200	14,0	
				84	140		19,1
	Akureyri-Dalvík	30	70	21,5	0	1,83	
5.			50	21,5	85		
	Dalvík-Sk.foss	30	50	10,5	140	3,23	
				18,5	95		

Yfirlit yfir spennufall

Línu- leið	Sauðárkrókur		Skeiðsfoss		Dalvík	
	U kV	% Spf	U kV	% spf	U kV	% spf
1	60,9	7,7	30,8	6,7	63,3	4,1
2	60,6	8,2	27,7	16,1	-	-
3	62,0	6,1	30,1	8,8	30,7	7,5
4	61,5	6,8	28,2	14,5	-	-
5	62,7	5,0	30,1	8,8	30,7	7,5

% spf. er spennufall frá Akureyri, reiknað í % af spennum þar.

M 1:500.000

## RAFORKUMÁLASTJÓRI


Tenging Sauðárkróks og Skeiðsfoss  
við Akureyri

12.5.56 GJ

Tnr. 115

B2M-0

Fnr. 3363



■ Vatnsafsstöð

▲ Aðalspennistöð.

— 60 KV lína

--- 30 KV lína